

# Fréttabréf

## Hörgárbyggðar

10. tbl., 8. árg., 12. júlí 2008 Ábm.: Guðmundur Sigvaldason

### **Auglýsing**

#### **um aðalskipulag Hörgárbyggðar 2006-2026**

Samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með auglýst eftir athugasemdum við tillögu að aðalskipulagi Hörgárbyggðar 2006-2026.

Skipulagsuppdrættir, greinargerð, umhverfisskýrsla og skýringaruppdrættir liggja frammi á skrifstofu Hörgárbyggðar í Belamerkurskóla frá 14. júlí til 1. september 2008. Ennfremur verða gögnin aðgengileg á heimasíðu Hörgárbyggðar [www.horgarbyggd.is](http://www.horgarbyggd.is) og hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík.

Athugasemdir skal skila skriflegum til skrifstofu Hörgárbyggðar, belamerkurskóla, 601 Akureyri, merkt aðalskipulag, fyrir 8. september 2008. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Sveitarstjórinn í Hörgárbyggð,  
Guðmundur Sigvaldason

### **Göngum í Hörgárbyggð 2008 flýtt**

Ákveðið hefur verið, í samráði við nágrannasveitarfélög, að flýta göngum í Hörgárbyggð haustið 2008 um eina viku. Fyrstu göngur verða því frá miðvikudeginum 10. september til sunnudagsins 14. september. Aðrar göngur verða svo viku síðar.

### **Vegna sumarleyfa verður skrifstofa Hörgárbyggðar lokuð dagana 5.-8. ágúst**

### **Skrifstofa Hörgárbyggðar**

Skrifstofan er opin að jafnaði frá 10:00 til 12:00 og 13:00 til 15:00 á virkum dögum, nema á föstudögum. Símatími er á sama tíma.

Sími: 461-5474, fax 461-5475. Netfang: [horgarbyggd@horgarbyggd.is](mailto:horgarbyggd@horgarbyggd.is).

Veffang: [www.horgarbyggd.is](http://www.horgarbyggd.is)

## **Aðalskipulagstillagan samanstandur af:**

- A) **Greinargerð** með umhverfisskýrslu, alls 98 blaðsíður
- B) **Uppdráttum**, þ.e. "sveitarfélagsuppdrætti" sem sýnir skipulag alls sveitarfélagsins og "þéttbýlisuppdrætti" sem sýnir skipulag á Lónsbakka
- C) **Skýringarkortum**, þ.e. kortum sem sýna svæðisskiptingu, landbúnað og skógrækt, tegund búrekstrar, ferðabjónustu, minjar, samgöngur, göngu- og reiðleiðir, gróður og ofanflóðasvæði

## **Upprifjun**

Skv. skipulags- og byggingarlögum, sem samþykkt voru að Alþingi á árinu 1998, áttu öll sveitarfélög á Íslandi að hafa lokið gerð aðalskipulags fyrir ársbyrjun 2008. Aðalskipulag fyrir Hörgárbyggð, eða hluta sveitarfélagsins, var ekki til þegar vinna við gerð aðalskipulags Hörgárbyggðar hófst haustið 2005. Samið var við landslagsarkitektastofuna Landmótun sf. í Kópavogi um að vinna verkið. Síðan hefur verið unnið að verkinu, sem er mjög umfangsmikið. Samráð hefur verið haft við allar hlutaðeigandi stofnanir og þrír almennir kynningarfundir hafa verið haldnir með íbúum sveitarfélagsins.

## **Hvað gerist með aðalskipulagstillöguna eftir að athugasemdafrestur er liðinn?**

1. Skipulags- og umhverfisnefnd fjallar um tillöguna
2. Sveitarstjórn fjallar um tillöguna, afgreiðir hana og sendir til Skipulagsstofnunar
3. Skipulagsstofnun afgreiðir tillöguna til umhverfisráðherra
4. Umhverfisráðherra staðfestir aðalskipulagið
5. Auglýsing um staðfestingu ráðherra á aðalskipulaginu birtist í Stjórnartíðindum og þar með tekur það gildi.

## **Fróðleiksmoli af heimasíðu Staðardagskrár 21**

([www.samband.is/Dagskra21](http://www.samband.is/Dagskra21))

Sjö af hverjum 10 ökumönnum í Noregi keyra um með allt of lítið loft í hjólbörðum bíla sinna. Afleiðingin er minna öryggi og meiri koltvísýringslosun en ella. Áætlað er að þetta kæruleysi Norðmanna kosti þá um einn milljarð norskra króna (um 16 milljarða ísl. kr.) á ári í auknum eldsneytiskostnaði! Almennt má ætla að eldsneytiseyðsla bíla aukist um 0,3 lítra á hundraðið ef loftþrýstingurinn er hálfu bari (7 pundum) of lítill.

(Þessi moli er úr "Orðum dagsins" á heimasíðunni 27. júní 2008)